

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu skipulags- og byggingafulltrúa og skipulags- og bygginganefndar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | |
|---|----------------------|
| Einbýlishús | kr. 68.054 |
| Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð | kr. 56.712 pr. íbúð. |
| Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum | kr. 47.638 pr. íbúð. |
| Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri | kr. 40.832 pr. íbúð. |
| Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri | kr. 34.027 pr. íbúð. |

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum,

gólfhlötur allt að 500 fermetrar kr. 68.054

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum,

gólfhlötur stærri en 500 fermetrar kr. 90.738

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | |
|--|------------|
| Frístundahús | kr. 56.712 |
| Smáhýsi allt að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús) | kr. 28.356 |
| Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, útihús á lögbýlum og viðbyggingar allt að 20 m ² | kr. 28.356 |
| Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar | kr. 39.698 |

Byggingaleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingaleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld.

| | |
|--|------------|
| Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar | kr. 30.000 |
| 2/3 staðfestingargjalds ganga upp í byggingarleyfisgjald | |
| Afgreiðslugjald í skipulags- og byggingarnefnd | kr. 4.000 |

| | |
|---|------------|
| Hver endurskoðun aðaluppdráttá | kr. 7.000 |
| Endurnýjun leyfis án breytinga | kr. 5.000 |
| Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt | kr. 11.500 |
| Vottorð vegna vínveitingaleyfa | kr. 11.500 |
| Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun | kr. 7.000 |
| Framkvæmdaleyfi | kr. 11.500 |
| Fyrir grenndarkynningu | kr. 32.500 |
| Fyrir breytingu á lóðarsamningi | kr. 20.000 |

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

3. gr.

Sveitastjórn Rangárþings ytra er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2003 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2003 er 278 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra 7. júlí 2003.

Rangárþingi ytra, 7. júlí 2003.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Skeggjastaðahrepps, nr. 426/2000.**

1. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 3. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast hlutverk hafnarstjórnar skv. 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003, skipulags- og byggingarnefndar skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og húsnæðisnefndar skv. 6. gr.